

MONITOR



FRÍTT
EINTAK



KRÍTADU ÞIG UPP

Það tekur ljós sólarinnar 8.5 mínútur að komast til jarðar.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR ÍRANN Í SJÁLFLUM ÞÉR

Dagur heilags Patreks, St. Patricks Day, er á mánudaginn en er haldinn til heiðurs Patreki sem er þjóðardýrlingur Írlands.



Einhverra hluta vegna hefur dagurinn verið tengdur við bjórdrykkju á seinni tímum og inniheldur yfirleitt mikil veisluhöld. Öldurhús bæjarins hafa yfirleitt haldið upp á daginn með írskum sið sem felst víst í því að drekka bjór og ganga í grænu.

FYRIR BRYNJAR KARL

Brynjar Karl er 11 ára gamall strákur sem dreymir um að heimsækja LEGO-verksmiðjurnar í Danmörku. Brynjar er mikið fyrir LEGO en hann hyggst smíða líkan af Titanic úr kubbunum. Nú hefur Brynjar sett myndband inn á



Youtube þar sem hann meðal annars biðlar til Lego að bjóða sér í heimsókn og aðstoða sig við smíðina. Jafnframt talar Brynjar um að hann sé einhverfur í myndbandinu og útskýrir einhverfuna. Monitor mælir með því að sem flestir aðstoði Brynjar við ná athygli LEGO með því að finna myndbandið hans á Youtube, gera athugasemdir við það og merkja það með #lego eða #legoland. Svo er náttúrulega alltaf sniðugt að deila myndbandinu með öðrum.



Mynd/Þórunn

LOVÍSA

Fullt nafn: Lovísa Úlfarsdóttir, norsku vinir mínir kalla mig Loví.
Fyrstu sex: 090191
Síðasta bíómynd sem ég sá: Something's gotta give.
Eve eða WoW: Pokémon á Game boy.
Skemmtilegasta afþreying: Að elda og baka.

Noregur fer betur með budduna

Þessa dagana kynnir norski háskólinn HiNT námsleiðir í margmiðlun og tölvuleikjahönnun fyrir áhugasömum Íslendingum og er margmiðlunarneminn **Lovísa Úlfarsdóttir** með þeim í för.

Lovísa Úlfarsdóttir ein af mörgum íslenskum námsmönnum í námi erlendis. Hún er búsett í Noregi þar sem hún lærir á þrívíddarkvikun og sjónrænar tæknibrellur við Háskólann í Norður-Þrændalögum (HiNT) og segir tækifærin sem felast í náminu gífurleg.

„Ég kynnist þessum heimi eiginlega bara fyrir slysi þegar ég fór í Margmiðlunarskólann. Á þeim tíma stefndi ég á grafíska hönnun og hélt að skólinn gæti hjálpað mér að komast áfram á þeirri braut, en allt í einu var ég bara komin á kaf í tölvuleiki og þrívídd og vefsíðugerð,” segir Lovísa um ástæður þess að hún valdi HiNT. Hún segir að fleiri Íslendingar ættu að kynna sér þetta nám því að eina sambærilega námið hér á landi er tveggja ára nám við Margmiðlunarskólann. Þess utan segir hún námið alls ekki vera dýrt. „HiNT er metnaðarfullur skóli sem býður uppá frábært bachelornám fyrir einungis 12 þúsund krónur önnina,” segir Lovísa. Eins og aðrir námsmenn heima á klakanum þá hefur

Lovísa fundið fyrir breyttum aðstæðum og hún segir námið í Noregi fara betur með budduna. „Leigumarkaðurinn á Íslandi er hreinlega bara ógnvekjandi auk þess sem flest annað virðist vera í hálfgerðu rugli.”

Ísland í annarri vídd

Lovísa segir að vel hafi verið tekið á móti henni í Noregi og að aðlögunarferlið hafi alls ekki verið erfitt. „Fólkið er frábært og bekkurinn minn er orðinn fjölskyldan mín þarna úti. Það var ekkert mál að aðlagast og eftir hálf ár er ég orðin ótrúlega sleip í norskunni,” segir hún. Félagslífíð í HiNT er mjög virkt og það er mikið um að vera í bænum sjálfum. Lovísa bendir einnig á að sumarið láti sjá sig fyrr og endi seinna og segir hún að varla hreyfi vind í bænum sem sé töluverð tilbreyting frá Íslandi.

Stjórnvöld á Íslandi sjá ekki verðmætin

„Ég verð að viðurkenna að ég er ekkert að horfa neitt allt of langt fram í tímann. Ég er bara að reyna að grípa tækifærin sem gefast og gera það sem ég hef gaman af,” segir Lovísa. Tækifærin fyrir námið eru allstaðar, bæði heima og út í heimi en mikill uppgangur hefur verið í tölvuleikjahönnun á Íslandi á síðustu árum eins sjá á árangri CCP og Plain Vanilla. Strax á fyrsta ári í HiNT er farið í starfsnám og unnið með stórum fyrirtækjum, „Ég er líka í teiknitímum og í næstu viku er ég að byrja að vinna verkefni fyrir stórt laxeldisfyrirtæki í

Noregi ásamt nokkrum bekkjarfélögum mínum,” segir Lovísa sem er ekkert að drífa sig heim. „Stjórnvöld á Íslandi virðast ekki sjá verðmætin sem felast í þessum sviðum og það gerir það að verkum að ég stefni ekkert sérstaklega á að fara aftur til Íslands í náinni framtíð.”

PSST...

Kynntu þér námið í HiNT í dag kl. 19:00 í húsaáskynnum Tækniskólans á Skólavörðuholti í Reykjavík.

- 60** ára gömul hrærivél fær „make-over“ á blaðsíðu 20
- 5** börn hefur grínistinn Jim Gaffigan getið af sér
- 20** hraðaspurningar biða þín á blaðsíðu 8
- 38** dagar til páska.

MONITOR@MONITOR.IS
Ritstjóri: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is),
Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Rósa María Arnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lisa Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi)
Forsíða: Þórunn Arnar Þórðarson (thordur@mbl.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingagædd Árvakurs (augl@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson
Útgefandi: Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Full af ást

Um daginn fór fram árshátíð Árvakurs sem er útgáfufélag Monitor. Árshátíðin fór fallega fram, einhverjir höfðu áfengi um hönd en það þó þrúðmannlega, engin tilhlaup voru tekin að gleðinnar dyrum heldur var skokkað rólyndislega í gegn. Allir mættu í sínu finasta þússi og mér fannst ég voða fullorðin að vera mætt þarna á þessa skemmtun með mínum virðulegu kollegum.

Fólkið á bakvið Árvakur er afar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur. Eftir að hafa að mestu leiti fært mig úr háskólanum yfir á vinnumarkaðinn hef ég komist að því hvað aldur skiptir litlu máli. Maður býr kannski frekar að sama reynsluheimi og yngri fólkið en það eldra getur verið alveg jafn skemmtilegt og eins getur unga fólkið staðið sig alveg jafnvel eða betur í sínu starfi og þeir sem eldri eru.

Á þessari árshátíð fann ég hinsvegar í fyrsta skipti að ég er sannarlega í yngri kantinum á þessum vinnustað. Eftir matinn fylltist dansgólfið af skoppandi bossum við tónlist ABBA og ekki skemmdi það fyrir þegar DJ Óli Palli setti

á „Blame it on the Boogie“. En svo gerði ein jafnaldrar mín þau reginmistök að biðja um óskalag. Um leið og Óli Palli setti á „Drunk in Love“, með Queen B tæmdist dansgólfið gjörsamlega. Við vorum þrjár sem stóðum eftir, í mikið meira stuði en nokkurn tímann við „Dancing Queen“, og sungum hástöfum með. Raunar voru líklega fjórir aðrir, allt fólk komið yfir þrítugt, sem héldu sig á gólfinu og reyndu að dansa við lagið. Danssporin voru ekki slæm sem slík en óþægindasvipurinn daldi ekki að þessi lífsreynsla var þeim ekki til gleði. Ég reyndi að hressa upp á tiltekinn kvenkyns yfirmann með smá grændi en hún hrópaði skelfd upp fyrir sig og hljóp í skjól.

Ég er sumsé ekki jafn fullorðin og ég hélt. Er það ekki bara allt í lagi? Hvað er annars smá grænd milli vina?

Ástarkveðjur Anna Marsý



VIKAN Á FACEBOOK

Jón Birgir Eiríksson
Landsmenn krefjast þjóðar- atkvæðagreiðslu um rétt til fylgjeigu. Það verður að komast til botns í því hvort lýðurinn sé almennt fylgjandi eða ekki fylgjandi. Lifi lýðræðið.
10. mars kl. 21:33

Leiðinlegi gaurinn
Hættið að tala um Gunnar Nelson sem einhverja fyrirmynd. Viljum við virkilega að fyrirmynd barna á Íslandi sé agaður, högvær, hæfileikaríkur toppíþróttamaður? Það er úr svo mörgum betri að velja. Til dæmis má nefna Egil Helgason sem les margar bækur í viku, Ólaf Ragnar Grímsson sem er með mjög mjúkar hendur eða Hönnu Birnu sem er rosalega góð í því að þegja yfir leyndarmálum. Allt eru þetta frábærir kostir sem æskilegt er að taka sér til fyrirmyndar.
10. mars kl. 13:45

Tobba Marinós-dóttir
Leggur lokahönd á bók ...og upplifir hið klassíska korter í skil; ég vil hætta við!!!!
8. mars kl. 18:08

www.facebook.com/monitorbladid

KÓSÝ



PEYSA: TOPSHOP
BOLUR: GALLERÍ17
HÁLSMEN: FASHIOLOGY
BUXUR: GALLERÍ17
SKÓR: TOPSHOP

DERHÚFA: STUSSY
BOLUR: CHEAP MONDAY
ÚLPA: SAMSØE SAMSØE
BUXUR: CHEAP MONDAY
SKÓR: NIKE FREE

SPARI



SLAUFA: SUZIE Q
SKYRТА: SHINE ORIGINAL
BUXUR: H&M
SKÓR: VANS

JAKKI: H&M
BOLUR: TOPSHOP
PILS: ZARA
SKÓR: GS SKÓR



stíllinn

Rósa María Árnadóttir
rosamaria@monitor.is

PARTÝ



HÚFA: CARHARTT
SKYRТА: CARHARTT
BUXUR: H&M
SKÓR: ADIDAS

JAKKI: JUST FEMALE
BOLUR: TOPSHOP
HÁLSMEN: FASHIOLOGY
BUXUR: GALLERÍ17
SKÓR: JEFFREY CAMPBELL

Stelpuföt mjög flókin

Stíllinn fékk þær **Eddu og Ragnhildi til að dressa sig upp fyrir hin ýmsu tilefni.**

Edda og Ragnhildur, hvernig mynduð þið lýsa ykkur sjálfum og ykkar stíl?

Edda: Ég myndi segja að ég sé með frekar einfaldan stíl og vil frekar klæða mig í eitthvað stílhreint frekar en að það sé of mikið í gangi. Ég er mikið í svörtu sérstaklega þar sem ég þarf alltaf að vera svartklædd í vinnunni og finnst þá skemmtilegt að bæta litum í tilveruna með litríku make-uppi.

Ragga: Hann er frekar einfaldur, ég hef aldrei verið fyrir að klæða mig eitthvað súper fint, er miklu meira fyrir sætar skyrtur og pússa þá uppá stíllinn með slaufu eða eitthverju álíka. Annars hef ég altaf verið mikil brettastelpa og heillast mikið að þeim stíl, street stíl.

Hvað eruð þið að bardúsa þessa dagana ?

Edda: Ég er að vinna sem förðunarfræðingur í MAC í Kringlunni og held svo úti blogginu VeniVidiVisa með vinkonum mínum

Ragga: Ég er í Háskóla Íslands að læra tómsunda- og félagsmálafræði, gaman að segja frá því að þá stóð ég og hópurinn minn í tómsundafræðinni að skemmtilegum tónleikum 6. Mars s.l. í Hörpunni, sem voru styrktartónleikar fyrir mannréttindum í Úganda en þeir voru unnir í samstarfi við samtökin '78 og Amnesty International. Síðustu dagar hafa mikið snúist um þetta verkefni.

Hafið þið alltaf haft gaman af tísku ?

Edda: Já, ég hef alltaf haft gaman af tísku og finnst ekkert skemmtilegra en að eiga fallegar flíkur til að fara í en ég hef samt aldrei verið týpan til að fara í flík einfaldlega því hún er "í tísku" heldur reyni ég svona að tvínnu tiskuna sem er í gangi inn í minn persónulega stíl.

Ragga: Bara rétt þannig að ég fylgist með hvað er inn og út. Ég er algjör strákastelpa, og fylgist mun frekar með stráka tiskunni heldur en stelpu, mér finnst stelpuföt mjög flókin.

Það er gagnlaust fyrir vinkonur mínar að taka mig með í verslunarferð, ef ég er spurð hvort eitthvað sé flott, þá segi ég bara alltaf já. Ég veit ekki neitt.

Hvað veitir ykkur innblástur? Einhver tískufyrirmynd?

Edda: Ég sæk innblástur aðallega á netinu á bloggum og þess háttar. Annars finnst mér líka mjög gaman að skoða tiskutímarit og fylgjast með fólkinu í kringum mig.

Ragga: Ég er voðalega dugleg að skoða bretta tiskuna, reimar í stað beltis, brettar skálmur og húfa, voða einfalt, fyrirmyndirnar eru útum allt, tímaritum, netinu, laugarveginum bara hvar sem er.

Í hvaða búðum verslið þið helst hér á Íslandi? En í útlöndum?

Edda: Búðirnar sem ég heimsæki helst hérna á Íslandi eru Topshop, Gallerí17 og Zara en þegar ég er erlendis þá sérstaklega í Köben þá er sú búð sem hefur enn ekki orðið mér fyrir vonbrigðum &Other Stories og á ég alveg nokkrar flíkur þaðan sem ég hef notað alveg í drasl og enn ekki komin með leið á.

Ragga: Á Íslandi þá helst Smash, Urban og Sautján og erlendis urban outfitters og H&M, hvaða Íslendingur gerir það ekki.

Hver er ykkar uppáhalds borg til að versla í?

Edda: Ég held ég verði bara að segja Köben því það er svo þægilegt, allar búðirnar eru nokkurnvegin á sama stað og svo rata ég svo vel þar!

Ragga: Vá ég hef reyndar aldrei farið í sérstakan verslunarleiðangur, en mollin í Tyrklandi eru mjög flott, ég hef verið mikið þar og verslað mikið þar. En ég er alltaf á leiðinni til Bandaríkjanna í verslunarferð, hef heyrt að það sé voðalegt sport.



HÚFA: GALLERÍ17
JAKKI: ONLY
SKYRТА: H&M
BUXUR: H&M
SKÓR: TIMBERLAND

JAKKI: GALLERÍ17
BOLUR: TOPSHOP
BUXUR: TOPSHOP
SKÓR: H&M

HVERSDAGS

Hver eru ykkar bestu kaup fyrr og síðar?

Edda: Ég held að ég verði að segja Second Female jakki sem ég keypti í Köben þegar ég fór með öllum vinkonum mínum á Beyoncé. Þaði því ég hef notað hann svo ótrúlega mikið þar sem hann er fullkominn í að gera einfalt look aðeins meira spennandi. Hann en hann minnir mig líka á svo góða tíma.

Ragga: Allar húfurnar mínar, ég elska þær. Ég var búin að gleyma hvað er gott að vera með húfu.

Hvað er algjört möst fyrir veturinn að ykkar mati?

Edda: Einhverjir góðir og hlýjir skór fyrir snjóinn og slabbið og líka kannski góð yfirhöfn því það er ekki í tísku að vera kaldur og blautur.

Ragga: Húfa, ég er svo mikið eyrnabarn, mér skal vera kalt allstaðar annars staðar en á eyrunum.

Mynd/Þorbjörn

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁRNÁM TIL 21. MARS



MYNDLIST TÓNLIST HÖNNUN & ARKITEKTÚR

Nánari upplýsingar um námsbrautir, inntökuferli
fyrir hverja deild og rafrænar umsóknir á www.lhi.is

Myndlistardeild

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Arkitektúr
Fatahönnun
Grafísk hönnun
Vöruhönnun

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur og söngur
Kirkjutónlist
Skapandi tónlistarmiðlun
Söng- og hljóðfærakennsla
Tónsmíðar
Diplóma í hljóðfæraleik og söng

Ekki er tekið inn í sviðslistadeild fyrir skólaárið 2014–2015



NÆRFATALÍNA SHADOW
CREATURES SEM NOTUÐ
VAR Í HERFERÐ COKE LIGHT



ELÍSBET
GUNNARSDÓTTIR
ANNAR EIGANDI
TRENDNET



HELGA ÓLAFSDÓTTIR
YFIRHÖNNUÐUR HJÁ ÍGLÓ
OG INDÍ OG SÉRSTAKUR
FAGDÓMARI KEPPINNAR



VERK SIGURVEGARA HÖNNUNAR
KEPPINNAR SEM HALDIN VAR Á
MEDAL FATAHÖNNUNARNEMA Í LHÍ

Lumar þú á hæfileikum?

Samstarfsverkefni **Trendnet.is** og **Coke Light** við **Reykjavík Fashion Festival** er frábær viðbót við tískumars og vakti það athygli **Stílsins**.

Reykjavík Fashion Festival fer fram 27. til 30. mars næstkomandi í Hörpu með pomp og prakt. Þetta er í fimmta sinn sem RFF er haldið hátíðlegt en í ár munu 8 hönnuðir koma fram með sínar línur. Stíllinn frétti af ótrúlega skemmtilegu samstarfi Trendnet.is og Coke Light við RFF og vildi kynna sér málið betur. Elísabet Gunnarsdóttir, annar eigandi trendnet, og Rannveig Hrönn Brink, markaðsstjóri Coke Light, sögðu Stílum betur frá.


Elísabet Gunnars: „Þeir sem taka þátt eru hvattir til að senda inn ljósmynd af fullunnu dressi. Vinningshönnunin mun síðan fá sitt pláss í Hörpunni 29. mars þegar Reykjavík Fashion Festival fer fram.“

„Mér finnst keppnin frábær viðbót við tískumars og miðað við góða þáttöku nú þegar þá vona ég að þetta verði árlegt hér eftir. Ísland er greinilega uppfyllt af fólki með drauma og keppni sem þessi getur hjálpað heilmikið við að koma sér og sinni hönnun á framfæri. ... Ég tala nú ekki um verðlaunaféð sem ætti að geta hjálpað enn betur.“

Líkt og Elísabet segir er þetta frábær leið fyrir unga sem aldna að koma sinni hönnun á framfæri og hvetur Stíllinn alla þá sem hafa áhuga á hönnun að slá til og taka þátt. Þetta er æðislegt framtak og að mati Stílsins er mikill skortur á slíkum tækifærum hér á landi; því á að nýta sér tækifærið.

Rannveig: „Þetta er partur af tengingu sem við höfum verið að byggja upp síðustu 3 til 4 árin. Coke Light hefur unnið með Marc Jacobs og Jean Paul Gaultier sem dæmi en árið 2011 byrjuðum við að tengja við íslenskan markað. Eftir hrun hefur verið ennþá erfiðara fyrir íslenska hönnuði að koma sér á framfæri og því höfum við samstarf við Reykjavík Runway árið 2011 en þá var haldið hönnunarkeppni þar sem Coke Light valdi hönnunarteymi sem hannaði í kjölfarið coke light-flöskur og dósir sem komu á markað árið 2012. Það voru fatahönnuðirnir hjá Shadow Creatures sem urðu fyrir valinu og nærfatalína þeirra notuð í herferð Coke Light þar sem Shadow Creatures umbúðirnar voru kynntar. Í fyrra var Coke Light einnig í samstarfi við RFF en þá voru það nemendur á lokaári í fatahönnun í Listaháskóla Íslands sem tóku þátt í hönnunarkeppni og sigurvegari þeirrar keppni, Ásgrímur Már Friðriksson, var með rýmisverk til sýnis á RFF-hátíðinni sjálfri.

Við erum alltaf að breyta til og finna eitthvað



RFF Í FYRRA FÓR EINNIG FRAM
Í HÖRPU MEÐ GLÆSIBRAG



SHADOW CREATURES
UMBÚÐIRNAR
Á COKE LIGHT

nýtt að gera sem getur stutt og eftir þennan bransa og í ár ákváðum við að hafa þetta opið fyrir alla svo ef þú lumar á hæfileikum þá er um að gera að senda inn þitt framlag.“

Elísabet Gunnars: „Áhugasamir hafa ennþá nokkra daga til stefnu til að senda inn hönnun sína á trendlight@vifilfell.is eða til 16 mars.“

Sigurvegari keppinnar er valinn af aðilum frá Coke Light, Trendnet, RFF og verður Helga Ólafsdóttir, yfirhönnuður hjá Ígló og Indí, sérstakur fagðómari keppinnar. Dómararnir velja 3 til að halda áfram en síðan tekur netkosning við á facebook sem mun standa í viku. Sigurvegarinn fær að sýna hönnun sína á móttökuvæði RFF meðan á hátíðinni stendur og fær að auki 250.000 króna styrk til framleiðslu hönnunarinnar.



2 bitar,
franskar
og gos

Sjóðheit
máltíð
á aðeins
1.199
kr.



Klassískir og svoooo góðir



Kjúklingabitarnir sem Sanders ofursti **fullkomnaði** árið 1940 og komu KFC á kortið. Klassískir og standa alltaf fyrir sínu.

Kryddaðir með 11 mismunandi kryddum og jurtum og steiktir til **gullinnar** fullkomnunar. Óviðjafnanleg blanda!

Láttu það eftir bragðlaukunum að rifja upp **bragðið** sem heimsbyggðin fær ekki nóg af – kynslóð fram af kynslóð.



svooogott™

WWW.KFC.IS

KRISTINN MÁR


Fyrstu sex: 280695.
Uppáhalds tölvuleikur: Hill Climb Racing.
Besta súkkulaðistykki: Villiköttur.
Ef við vinnum mun ég: Fá mér Habibi.

ÞÓRGNÝR

Fyrstu sex: 080295.
Uppáhalds tölvuleikur: Hill Climb Racing.
Besta súkkulaðistykki: Villiköttur.
Ef við vinnum mun ég: Aldrei gleyma því.

LEIFUR

Fyrstu sex: 271095.
Uppáhalds tölvuleikur: Hill Climb Racing.
Besta súkkulaðistykki: Villiköttur.
Ef við vinnum mun ég: Fá mér villikött.



MH

Óendurgoldið taugastríð á Snapchat

Þeir **Kristinn, Þórgnýr og Leifur** hafa ekki fengið nema tvo daga í frí frá Gettu betur á árinu og það er ljóst að þessum **MH-ingum** er ekki físjað saman, þrátt fyrir að MR hafi aldrei svarað snöppunum þeirra.

Áttuð þið von á að komast í úrslit?

Þ: Miðað við hvað við höfum æft mikið held ég að við hefðum alveg mátt eiga von á því. Við höfum ekki fengið nema svona tvo frídaga á þessu ári.

Hefur þátttakan bitnað á náminu?

L: (Með semingi) Nei nei,
Þ: Við erum alveg búnir að mæta í nokkra tíma og svona.

Hversu miklum tíma verjið þið í æfingar á dag?

Þ: Í gær vorum við frá tíu til tíu. Það er kannski með því lengsta sem gerist. Hafið þið einhvern tíma til að hitta fjölskylduna ykkar á meðan á öllu þessu stendur?
K: Nei, svona án djóks eiginlega rosa lítið.
Þ: En við erum fjölskylda.

Erud þið sáttir við frammistöðuna hingað til eða hafið þið klúðrað einhverju sem þið áttuð að vita?

Þ: Það sem skiptir máli þegar upp er staðið er að við höfum unnið allar keppnir hingað til.
K: Maður má ekki svekkja sig á því að klúðra einhverju ef maður vinnur. Maður svekkir sig bara ef maður tapar.
Þ: Það var sérstaklega sætt að vinna síðustu keppnina á móti MR.

Það gekk einmitt á ýmsu fyrir þá keppni. MH-ingar stálu Hljóðnemanum frá MR sem svarði með því að ræna Miðgarðsorminum

úr MH. Tókuð þið einhvern þátt í erjunum milli MH og MR fyrir undanúrslitin?

L: Já, við hjálpuðum MR að finna Miðgarðsorminn. Þeir vissu ekki hvar hann var og svo redduðum við þeim stiga til að ná honum niður.
Þ: Við ætluðum að hefja eitthvert taugastríð á Snapchat en okkur var aldrei svarað. Það var frekar leiðinlegt.

MH hefur lent í öðru sæti sex sinnum og aldrei unnið. Dregur það úr kjarkinum?

Þ: Þegar Kvennó vann keppnina fyrir þremur árum þá hafði Kvennó aldrei unnið, þegar Verzló vann keppnina hafði Verzló aldrei unnið.
L: Allt er þegar sjó er.
Þ: (Hlær) Já, einhvern tímann er allt fyrst og við erum ekkert sömu lið og þau sem á undan hafa komið.

Er góður andi í skólanum fyrir keppninni?

Þ: Já, það er góðgerðarvika núna og allir eru að reyna að halda uppi sem bestum anda. Fólk virðist vera almennt spennit fyrir keppninni.

Hvað ætlið þið að gera við líf ykkar þegar Gettu betur lýkur?

Þ: Hitta vini og fjölskyldu og fara í skólann fyrst og fremst. Við erum allir saman í þýsku svo ef við vinnum höfum við hugsað okkur að fara með hljóðnemanum í þýskutíma.
K: Það er draumurinn.

ÚRSLITASTUND

STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON

Fyrstu sex: 310384
Ég hef aldrei: farið í almennilegt nudd
Uppáhalds Gettu betur-spurning: Hvað er frjálshygga?
Besta nammið: Þristar og svona Haribo-ferskjugúmmi



Úrslit **Gettu betur** ráðast á laugardagskvöldið þegar lið **Menntaskólans** við Hamrahlíð og **Borgarholtsskóla** mætast. **Monitor** tók púlsinn á strákunum og dómurum fyrir keppnina sem mun án efa verða æsispennandi.

Hlakka til að sjá st

Dómarateymi **Gettu betur**, þau **Steinþór og Margrét**, hafa ekki farið varhluta af kynjaumræðunni í kríngum **Gettu betur**.

Þau Steinþór Helgi Arnsteinsson og Margrét Erla Maack skipa dómarateymi **Gettu betur** og eru að vonum spennit fyrir úrslitakvöldinu. Er þetta síðasta keppnin sem fram fer áður en regla um kynjakvóta keppenda tekur gildi næsta skólaár.

„Ég held að kynjakvótinn verði skemmtileg viðbót og geri keppnina á næsta ári spennandi. Það er líka fáránlegt að eina sjónvarps-efnið á RÚV fyrir menntaskólakrakka sé að svona stórum hluta strákar,“ segir Margrét og heldur áfram. „Ég hef rifist við fólk sem nefnir forþróf í skólunum – þau koma ekki frá RÚV, eru samin af liðinu og þjálfurum þeirra sem eru í flestum tilfellum strákar. Ég neita að trúá því að stelpur séu einfaldlega svona áberandi heimskari.“ Steinþór segir þau hlakka til að sjá stelpurnar blómstra á næsta ári. „Ég spái því að þær muni sanna sig fljótt og að þessi leiðindaumræða um kynjakvótann fjari fljótt út og verði óþörf.“

Steinþór segir að þau reyni að hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi þegar þau semja spurningarnar. Þau hafa mátt þola nokkra gagnrýni á samfélagsmiðlum vegna spurninga um maskara og hælaskó en Steinþór vísar því alfarið á bug að spurningarnar taki mið af staðalímyndum kynjana. „Svona gagnrýni er náttúrulega bara kjaftæði. Ég vil bara fá að gera spurninguna án þess að hugsa: „Ei, ég get ekki spurt stráka þessarar spurningar“ og öfugt. Þannig hafnar maður staðalímyndum sem eru innprentaðar í þessa keppni,“ segir

hann. Margrét tekur undir og segir að hún hafi gaman að því að gera grín að kynjamismuninum í keppninni með spurningum sem margir myndu túlka sem kvenlegar. „Kannski fer það öfugt ofan í fólk, en viðbrögð áhorfenda í salnum voru skemmtileg. Fólk heldur að líka að þær komi allar frá mér, og ég hef fengið ódýr skot á mig fyrir „kvenlegu“ spurningarnar hans Steinþórs.“

Tjúnast upp í beinni

Þau Steinþór og Margrét viðurkenna fúslega að þau eru engan veginn óskekil en þau búa sem betur fer svo vel að hafa hauk í horni í reynsluboltanum Stefáni Pálssyni. „Hann þikkar í okkur með rangfærslur eða bendir okkur á að það hafi verið spurt að þessu í fyrra eða í Útsvari,“ segir Margrét og laumar því að að þau séu einnig með þriðja leynidómarann, Björn Teitsson, sem bæði skrifar spurningar og er með í útsendingu ef upp koma vafamál. Hvað spurningaskrifin varðar segist Margrét bera mikla virðingu fyrir dómurum sem sömdu spurningar einir og fyrir tíma internetsins.

„Í upphafi þurfti ekki að grafa djúpt, en svo þegar við vorum hálfnuð fraus ég gjörsamlega,“ segir hún en nefnir að það hafi verið gott að leita á náðir vina og ættingja. Steinþór hefur verið viðloðandi sportið í rúman áratug og segist því kominn með góðan gagnabanka. „En það er gott að leita innblásturs sem víðast og þar koma vinir, kærastan og stjúpsonur að góðum notum,“ segir hann.

Pressan á keppendum er mikil en þó svo að dómarateymið finni eflaust eins fyrir pressu segjast þau ekki verða stressuð á keppnis-kvöldum. „Það er frekar að við tjúnumst upp

GETTU BETUR



MARGRÉT ERLA MAACK

Fyrstu sex: 250484
Ég hef aldrei: Komið til Vestmannaeyja (ekki mamma heldur)
Uppáhalds Gettu betur-spurning: Spurt er um tvö orð sem bæði ríma á íslensku og ensku. Annað orðið er flik sem maður klæðist sjaldan innandyrna, en hitt orðið er afkvæmi vinsæls gæludýrs? Hver eru orðin?
Besta nammið: Eitthvað nógu skærliða með gervibragði.
Ef ég væri risaeðla væri ég: Fiðruð.

INGI

Fyrstu sex: 101095.
Uppáhalds tölvuleikur: GTA San Andreas.
Besta súkkulaðistykki: KitKat með hnetusmjöri.
Ef við vinnum mun ég: Fara til Nevada og keyra Volkswagen Bora.

DANÍEL ÓLI

Fyrstu sex: 130591.
Uppáhalds tölvuleikur: Legend of Zelda Ocarina of Time.
Besta súkkulaðistykki: Draumur.
Ef við vinnum mun ég: djamma á Bora Bora

ARNÓR STEINN

Fyrstu sex: 030295.
Uppáhalds tölvuleikur: GTA Vice City.
Besta súkkulaðistykki: Reese's cups.
Ef við vinnum mun ég: fletta upp „ef“ í orðabók.



BORGÓ

Í Quizup á klósettinu

Lið **Borgarholtsskóla** er skipað þeim **Inga, Daníel** og **Arnóri**. Þeir félagar segja söguna vera með sér í liði enda sé MH einskonar *Holland Gettu betur*.

Áttuð þið von á því að komast í úrslit?

D: Það var alltaf ætlunin. Við fórum í hverja keppni með sigur í höfðinu.

Gerðu taugarnar aldrei vart við sig?

D: Nei, fram að keppni kannski en um leið og við vorum mættir þá var ekki sekúnda í stress.

I: Fyrsta útvarpskeppnin var samt svolítið stressandi.

A: Ég verð líka að viðurkenna að keppnin á móti FS var rosa erfið

D: Við fórum í bráðabana, það var rosalegt.

Hvað eyðið þið miklum tíma í æfingar á dag?

I: 24 tímum

D: Sko, formlegu æfingar eru svona tveir til fjórir tímar en svo erum við alltaf að lesa.

I: Maður er að lesa eitthvað skemmtilegt, horfir á fræðsluþætti.

D: Við lesum í vinnunni, skólanum, heima.

A: Og svo ef maður fer á klósettið þá er það bara beint á Quizup, skilurðu.

I: Maður er alltaf að læra.

Hefur þetta mikil áhrif á námið?

A: Námið? Læra?

D: Við erum náttúrulega að læra miklu meira en flestir en mætingareinkunnin gæti verið betri.

Eruð þið sáttir með frammistöðuna hingað til eða nagði þið ykkur í handarbökin yfir einhverjum ákveðnum spurningum?

A: Já, ég sagði einu sinni Ragnheiður þegar svarið var Ragnhildur Gísladóttir.

I: Svo var það hundaspurningin í þríþrautinni á móti FG. Ef ég hefði bara sagt hver þeirra er stærstur.

D: Já, við dingluðum aðeins of snemma þar.

Borgó hefur aðeins einu sinni unnið titilinn áður en það er þó einu sinni oft en MH, eruð þið sigurvissir?

A: Ekki spurning.

I: MH er svona Holland Gettu betur. Eins og í fótboltanum, fara alltaf í úrslit og tapa.

D: Við erum með 33 prósent sigurhlutfall í Borgó en MH er með núll prósent og þeir hafa farið tvöfalt oft en við í úrslit. Sagan er með okkur.

Er góð stemning í skólanum fyrir keppninni?

D: Já algerlega, skólastjórinn, nemendurnir, kennararnir, það eru allir gíraðir upp.

Hvað ætlið þið að gera við líf ykkar eftir að keppni lýkur?

A: Eyða fleiri kvöldstundum með kærustunni.

D: Ég held að ég klári bara menntaskólann, skelli mér í háskóla og haldi áfram með lífið.

I: Þetta er náttúrulega hápunktur lífsins, ég veit ekki alveg hvað tekur við. Það toppar þetta ekkert.

telturnar blómstra

þegar spennandi keppni er í gangi,“ segir Steinþór. „Ég var til dæmis alveg að fara á límingunum í MR-MH-keppninni, en það var bara því hún var svo ótrúlega spennandi.“ Aðspurður um hvort spurningarnar í úrslitakeppninni verði erfiðari en í þeim fyrri segir Steinþór glettnislega að þau hyggist vera sérlega svinsleg við strákana og spyrja þá einvörðungu út í álfabíkar, hárlengingar og Clueless. „En svona að öllu gamni slepptu, þá höldum við bara okkar línu og reynum kannski líka að hafa úrslitin extra-skemmtileg

fyrir fólkið heima í stofu,“ segir hann.

Mér fannst skemmtilegast að sitja seint á kvöldin í spurningagalsa í skjallbandalagi,“ segir Margrét um það sem staðið hefur upp úr á tímabilinu. „Við hittumst líka upp úr áramótunum, við dómararnir þrír og Björn Bragi og spiluðum Gettu betur-spilið sem var falleg kvöldstund.“

Steinþór tekur undir með henni og segir samskiptin við aðstandendur keppinnar og keppendur einnig hafa verið til fyrirmyndar.

GETUR ÞÚ BETUR?

Ert þú alltaf með hraðaspurningarnar á hreinu? Þreyttu þig á þessum hér.

1. Í hvaða borg er Brandenborgarhliðið?
2. Hvað heitir sunnudagurinn fyrir páska?
3. Hvaða leikfangafyrirtæki dregur nafn sitt af sögninni að leika sér vel?
4. Úr hverju var Stinni Stuð dáinn í laginu Ástardúetti?
5. Hverjar eru einu prímtölur sem enda á 2 eða 5?
6. Hver setti fram þrjár meginreglur um brautir reikistjarnanna?
7. Á hvaða Íslendingasögu byggði Halldór Laxness bók sína Gerplu?
8. Í hvaða bæ fer færeyska G! tónlistarhátiðin fram?
9. Í hvaða mánuði er Fiskidagurinn mikli á Dalvík?
10. Hvers konar matur er halloumi, camembert og feta?
11. Hvaða titil ber dóttir jarls?
12. Hvað stafur er á milli R og Y á lyklorðinu?
13. Hver var Ungfrú Ísland 2013?
14. Hvað er sessilón?
15. eru umferðarljós í Feneyjum?
16. Í hvaða hljómsveit syngur Lóa Hjálmtýsdóttir?
17. Hvert er hæsta fjall Vestfjarða?
18. Hversu oft hefur HM í fótbolta verið haldið í Bretlandi?
19. Hver hlaut nóbelsverðlaunini fyrst kvenna?
20. Hvaða internet-tákn hefur verið kallað tvíkross eða myllumerki?

Vantar þig aukna orku? 

FOCUS

Kraftmikill og frískandi orkugefandi drykkur án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis



Fæst í Fjarðarkaup og helstu apótekum um land allt
brokkoli.is

A photograph of a man with short brown hair, wearing a dark jacket, sitting in a theater. He is surrounded by rows of blue seats that recede into the background. The lighting is soft, highlighting the man's face and the texture of the seats.

*„Mikilvægt
að hafa
samúð“*

Þorvaldur Davíð Kristjánsson hefur farið langan veg síðan hann talaði fyrir ljóns-ungann *Simba* í *Konungi ljónanna* fyrir um tuttugu árum. Nú er hann kominn í Borgarleikhúsið þar sem hann fer með hlutverk hins sérstaka *Christophers Boon* í leikritinu *Furðulegt Háttalag Hunds um Nótt*.

Furðulegt háttalag hunds um nótt segir sögu Christophers Boon sem er ungur strákur sem er að öllum líkindum á einhverfurófinu. Þorvaldur vonar að sýningin hafi einhver áhrif á fólk og opni umræðuna um hvað það er að vera á einhverfurófi, bæði fyrir þá sem eru einhverfir og þá sem standa þeim næst. Jafnframt ræddi Þorvaldur við blaðamann Monitor um bankamanninn Sölva, Hollywood-hugtakið og snekkjur á Sardiníu.

Texti: Auður Albertsdóttir audura@monitor.is
Myndir: Þórður Arnar Þórðarson thordur@mbl.is

Furðulegt háttalag hunds um nótt er byggt á skáldsögu eftir rithöfundinn Mark Haddon. Hafðir þú lesið bókina þegar þú fékkst hlutverkið?

Já, ég las hana áður en ég las leikritið og ég heillaðist af viðfangsefninu sem er einhverfan. Þó það komi aldrei fram í bókinni að Christopher Boone sé á einhverfurófinu þá vilja menn meina að það sé nokkuð augljóst. Ég kys að líta á Christopher sem einstakan dreng og reyni að sýna í verkinu hversu erfitt það getur verið að vera öðruvísi í heimi sem getur verið óskiljanlegur fyrir þann sem ekki hugsar og sér hlutina á sama hátt og við hin.

Nú eru meira en tíu ár síðan bókinn kom út, finnst þér hún ennþá eiga erindi í dag?

Jú, engin spurning. Það er nú ekki langt síðan fólk áttaði sig á því hvað einhverfa væri. Áður fyrr var ekki búið að skilgreina það en nú er sem betur fer búið að skilgreina einhverfu á ákveðinn hátt. Það eru nokkrir þættir sem tengjast einhverfu sem gera þeim sem eru á rófinu erfitt fyrir að taka þátt í félagslegum samskiptum, þeir eru því í ákveðnum hugsana- jafnt sem líkamlegum fjötrum. Einnig eiga þeir flestir ákveðna hluti sameiginlega. Snerting er erfð, augnsamband er erfitt, skynáhrif verða margföld og það gerir þeim erfiðara fyrir að takast á við hluti í hinu daglega lífi, þau sjá hlutina öðruvísi en við, sem getur reyndar verið jákvætt á þann hátt að sumir sem eru á rófinu hafa svokallaða snilligáfu á ákveðnum sviðum en hún tengist kannski frekar áráttuhegðuninni. Þeir sem eru á einhverfurófinu eiga það til að fá áráttu fyrir ákveðnum hlutum og verða þar af leiðandi snillingar og þá oft á mjög afmörkuðum sviðum. Þessi áráttuhegðun er sterk hjá Christopher og hún er drífandi afl fyrir söguna sem við erum að segja í Furðulegu háttalagi hunds um nótt, hún dregur söguna áfram. Löngun Christophers til að komast að sannleikanum hrindir af stað magnaðri atburðarás.

Það hlýtur að hafa verið langt ferli að undirbúa sig fyrir þetta hlutverk, hvernig fórstu að því?

Já, þetta var langt ferli. Ég tók góðan tíma í að rannsaka hvað einhverfa er og einhverfuróf, og það er rosalega breitt hugtak. Ég horfði á bíómyndir og svona, en ég horfði samt ekki aftur á Rainman því ég vildi forðast þá klisju. Ég var svo lánsamur að komast í samband við Einhverfusamtökin og ég fékk að fara á fund með fólk sem er á einhverfurófinu. Þau voru svo yndisleg að opna sig gagnvart þessu og við sátum þarna í nokkra klukkutíma og þau sögðu mér frá sinni upplifun, hvað það er að vera einhverfur. Það var mikilvægasta rannsóknin í ferlinu. Ég las nokkrar skáldsögur og fræðibækur en þetta var lang-mikilvægasti þátturinn og ég er ævinlega þakklátur þeim fyrir að hleypra mér inn í þeirra heim. Við erum að setja upp þessa leiksýningu til þess að opna umræðuna um einhverfuna þannig að fólk skilji þá betur sem eru á einhverfurófinu og geti sett sig í spor þeirra. Við sem að sýningunni stöndum vonumst svo

innilega til þess að þessi sýning opni augu almennings fyrir einhverfunni.

Var erfitt fyrir þig að setja þig í spor Christophers?

Það var mjög erfitt. Ég skil alveg áráttuhegðun, ég fæ alveg hluti á heilann. Ég held að við skiljum öll þessa þætti sem einkenna einhverfuna, að vilja hafa hlutina á ákveðinn hátt, okkur finnst stundum óþægilegt að horfa í augun á fólk, fer eftir því hvernig okkur líður, stundum finnst okkur snerting jafnvel vera óþægileg. En hjá einhverfum eru þessir þættir alltaf til staðar og þeir eru hundraðfaldir hjá þeim. Þannig að ég þurfti að reyna að ímynda mér hvernig það er að hafa þessa þætti alltaf til staðar og það er ekki auðvelt.

Hafðir þú einhverja reynslu af einhverfum eða fólk á einhverfu rófi áður en þú fékkst hlutverkið?

Ég hafði hitt einstaklinga sem voru einhverfir eða á einhverfurófinu, en ég hafði ekki rannsakað það. Ég er svo feginn að vera búinn að gera það í dag.

Hvaða þýðingu hefur þetta hlutverk fyrir þig?

Fyrir mig persónulega gefur þetta hlutverk mér innsýn inn í þennan heim. Vonandi mun þetta auka víðsýni mína, þetta er mjög krefjandi hlutverk og vonandi gerir þetta mig bæði að betri manneskju og betri leikara. Svo hefur það líka verið einstakt tækifæri fyrir mig að vinna með þessu frábæra fólk sem ég vann með að gerð þessarar sýningar. Ég lærði svo margt. Þetta er frábær hópur, frábærir stjórnendur og hver einasta manneskja er að vinna þetta út frá hjartanu. Þetta er öllum hjartans mál, og að vinna í þannig starfsumhverfi með þannig fólk sem vill gefa allt sitt, það hefur verið frábært.

Var það einhverjum tímum erfitt að leika unglíng í sýningunni?

Nei, það hefur aldrei verið það því þeir sem eru einhverfir eða á einhverfurófinu eru mjög þroskaðir á ákveðnum sviðum. Þannig að mér hefur aldrei fundist ég þufa að leika yngri mann. Þetta er ekki jafn klippt og skorið, ef ég væri til dæmis að leika 15 ára strák sem væri ekki einhverfur eða á einhverfurófinu væri þetta allt annað. Þar sem einhverfir eru svo rosalega þroskaðir á ýmsum sviðum var það aldrei neitt vandamál.

Þú leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Vonarstræti sem frumsýnd verður í maí. Hvað getur þú sagt okkur um þá mynd?

Vonarstræti er saga þriggja einstaklinga en líf þeirra fléttast saman út myndina. Sagan gerist á góðæristímanum, í kringum 2007, þegar allt er að ná hámarki, svona rétt fyrir hrún. Þetta er samt engin hrúnmynd en samt sem áður er komið inná góðærið og andstæðurnar í þessum heimi á þessum tíma. Það voru ekkert allir í góðærinu, sumir á götunni og svo framvegis. En ég held að margir eigi eftir að geta haft gaman af þessari mynd og tengt við hana. Hún er líka byggð á sönnun sögum og karakterum að einhverju leyti.

Hvaða hlutverk ferð þú með í myndinni?

Ég fer með hlutverk Sölva sem er einn af þessum strákum sem eru alltaf rétt klipptir og alltaf flottir í tauinu, við þekkjum flest þessa típu. Hann fer ungur út í atvinnumennsku í fótbolta en meiddist og þarf því að hætta og fer þá bankaleiðina eins og svo margir gerðu. Í bankanum fær Sölvi líka vettvang fyrir metnaðinn sem keyrir hann áfram. Hann er þó í ákveðinni innri baráttu á sama tíma. Á tímum góðærisins voru allir í keppni. Þetta snerist um að ná besta dýlnum og vera flottastur og þegar menn komu

inn í þannig umhverfi urðu þeir að spila þann leik. Auðvitað blandast þetta allt saman við einkalífð og það er það sem gerist hjá Sölva. Saga Sölva snýst að mörgu leyti um baráttu hans við að balansera þennan metnað og fjölskyldulífð, sem getur verið snúið.

Persóna Sölva hljómar mjög ólík persónu Christophers, hvernig fórstu að því að undirbúa þig fyrir það hlutverk?

Það var líka mjög áhugavert ferli. Ég var í Versló og þekki þetta á vissan hátt út frá því. Þegar ég fór að skrimta í leiklistinni þá fóru kannski félagarnir í bankana og svona, komnir á sportbílana og svona, þannig ég þekki alveg marga sem fóru í gegnum þetta. Maður hefur séð þetta allt, kannski ekki allt, en þessa ákveðnu típu á einhvorn hátt. Maður vill samt ekki leika einhverja ákveðna típu eða hugmynd, þó ég styðjist nú við ákveðna aðila í karakterskópuninni. Ég reyni alltaf að sleppa því að leika hugmyndina af einhverfum eða hugmyndina bankamann. Ef maður sækist eftir kjarnanum í manneskjunni, hvað hún er að dila við, þá getur maður tengt við marga. Ég reyni alltaf að hafa samúð og finna tenginguna, maður má ekki hata þann sem maður er að leika, það verður að reyna að skilja persónuna og réttlæta ástæðurnar fyrir því að þeir gera það sem þeir gera.

Ég tók góðan tíma í að rannsaka hvað einhverfa er og einhverfuróf, og það er rosalega breitt hugtak.

Hvað var myndin lengi í tókum?

Við vorum við tókur í svona 1 og hálfan mánuð með öllu. Við skutum hérna í Reykjavík og svo fórum við líka til Sardiníu á Ítalíu sem var mjög gaman. Myndin gerist þar að hluta, en þar fengum við meðal annars lánaða snekkju. Þetta var allt mjög gaman, það var svo góður hópur að vinna að þessu. Það var frábært að vinna með þessum leikurum, líka leikstjóranum Baldvin Z sem er alveg frábær. Hann er búinn að gera mjög góða hluti og á eftir að gera enn fleiri góða hluti í framtíðinni.

Það vakti athygli fjölmiðla hér á landi í fyrri þegar þú varst við tókur á Hollywood-kvikmynd í Norður-Írlandi. Hvað geturðu sagt okkur um það verkefni?

Ég var í Belfast í nokkra mánuði að leika í mynd sem heitir Dracula Untold. Hún er framleidd af Universal Studios og er ekta Hollywoodmynd með marga milljarða fjármagn. Þetta er semsagt forsaga Drakúla, þar sem er verið að rekja hvernig hann varð til.

Er ekki mikill munur á því að vera í Hollywood-mynd og í íslenskri kvikmynd?

Það er alltaf myndavél og leikstjóri og leikarar. Jafnframt er alltaf einhver saga. En málið er að það munar nokkrum milljörðum á fjármagninu sem þýðir að það eru kannski 20 manns að vinna í einni deild þar á meðan hérna heima er kannski einn. Eða enginn.

Breytir budgetið miklu fyrir upplifun þína á verkefninu?

Já, það munar mjög miklu hvað það varðar. Þegar það er miklu meira fjármagn sér maður muninn til dæmis á búningunum. Sú sem hannaði búningana fyrir Lord of the Rings-myndirnar hannaði búningana, maður fer bara í búninginn og trúir því sjálfur þegar horft er í spegil að maður sé stríðsmaður. Þau

ÞORVALDUR DAVÍÐ Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 270983

Ég hef aldrei: Farið til Hong Kong.

Æskuátrúnaðargoð: Frank Sinatra.

Versti ótti: Að missa ástvin.

Á þitsuna fæ ég mér: Pepp, svepp, lauk og extra-ost.

Í fyrri lífi var ég: Spói.



*Síðasta
sem ég...*

Síðasta borg sem ég fór til utan landssteinanna: Dublin.

**Síðasti veitinga-
staður** sem ég borðaði á: Lebowski, steikarborgerinn er algjörlega frábær með bernaise.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Svartar gallabuxur.

Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Amélie.



búa til þannig umhverfi að maður þarf nánast ekki að nota ímyndunaraflíð, þetta er það flott. Svo fékk ég alvöru sverð til að leika mér með.

Hvernig kom það til að þú fékkst þetta hlutverk?

Þetta virkar þannig að ég er með umboðsmenn bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi og þetta verkefni kom í gegnum skrifstofuna í Bandaríkjunum. Þetta fer þannig fram að umboðsmennirnir senda mér handrit og spyrja hvort ég hafi áhuga og ef ég geri það þá les ég það inn og sendi á þá upptöku. Þeir senda hana síðan áfram á leikstjóra, framleiðanda eða „casting director“ kvikmyndarinnar. Ef það er síðan áhugi fyrir hendi frá þeim fer boltinn að rúlla og það var það í þessu tilviki. Ég fundaði síðan með leikstjóranum á Skype. Ég var reyndar staddur í sveit og rétt svo í netsambandi en það gekk og útfrá því fékk ég hlutverkið.

Hefur þér borist handrit sem þú hefur sagt nei við?

Já það gerist alveg reglulega. Bæði er það þá eitthvað sem ég bara fíla ekki og svo eitthvað sem ég finn mig ekki í og sé engan tilgang í að gera. Ég vil ekki vera að eyða bæði mínum tíma og annarra við að vinna eitthvað sem ég finn mig ekki í. Ef eitthvað hentar mér ekki þá bara sleppi ég því, það kemur alveg mjög oft fyrir. Ég hef ekki tíma til að taka upp allar þessar prufur. Svo er líka málið að Hollywood, fyrir mér, er ákveðinn ævintýraheimur sem drifinn er áfram af miklum peningum og markaðslegum sjónarmiðum. Sem er alveg gott og blessað útaf fyrir sig. Nauðsynlegt að njóta og fá salt í grautinn. Það er auðvitað vist ævintýri að fá að stíga inn í þann heim en svo er eitthvað sem heitir listrænn metnaður sem knúinn er áfram af hjartansmál-efnum og slík verkefni eru ekkert endilega í Hollywood, reyndar yfirleitt ekki, þau eru oftast nær að finna í smærri pródúsjónum hér heima eða fyrir utan kvikmyndaverin eða þá í leikhúsinu.

■ ■ *Ég held að það muni bara þroska mig sem leikara að stíga aðeins út fyrir boxið og kanna aðra möguleika.*

Þú stundaðir nám við leiklistarskólann Juilliard í New York borg en nú ertu kominn heim, hvernig tilfinning er það?

Það er mjög ánægjuleg tilfinning. Ég er kominn heim og ég ætla alltaf að búa heima. Ég mun vonandi vinna úti líka, er þegar byrjaður á því og þannig verður það vonandi að ég geti dottið í einhver verkefni erlendis. En ég er líka að skoða að prófa öðruvísi hluti í tengslum við kvikmyndir og leikhús. Þá meina ég aðra vinkla, eitthvað annað en að leika. Mér finnst gaman að leika en ég er búinn að gera það síðan ég var 12 ára. Ég held að það muni bara þroska mig sem leikara að stíga aðeins út fyrir boxið og kanna aðra möguleika. Þannig er ég að eðlisfari. Ég er forvitinn eins og pabbi. Hann var vanur að taka mig á kaffihús þegar ég var lítill þar sem við spjölluðum við fólk en hann hefur alltaf haft brennandi áhuga á fólki og málefnum.

Er lífið eftir Juilliard eins og þú bjóst við að það væri?

Ég er bara mjög sáttur með hvar ég er í dag. Ég þrífst á hugmyndum og draumum, mér finnst gaman að dreyma. Mig dreymdi um að komast í skóla erlendis og það gerðist, mig dreymdi að leika í Hollywood-mynd, sama hversu lítið hlutverkið er, en það gerðist. Mig langar til að halda bara áfram að þroskast, vera kannski meiri þátttakandi í lífinu líka. Þegar maður eru búinn að vera á kafi í þessu, verja þúsundum klukkustunda í fagið sitt frá því maður var krakki, áttar maður sig á að maður sé orðinn maður og farinn að sjá lífið og nú langar mig að upplifa það. Þannig má kannski segja að ég sé á smá-tímamótum hvað það varðar.



UPPÁHALDS

Dýr: Hundar.
Avöxtur: Vínber.
Borg: New York.
Drykkur: Vatn.
Vikudagur: Laugardagur.
Nammi: Lakkrískútur.



VIÐ TRÚUM ÞVÍ AÐ HAMBORGARI SÉ UPPLIFUN



FERKANTAÐ KJÖT Í FERKANTAÐ BRAUÐ

Íslendingur í laumi

Uppistandarinn **Jim Gaffigan** kemur fram í Háskólabíói 4. apríl næstkomandi. **Monitor** sló á þráðinn til grínistans sem hefur meðal annars verið nefndur einn af 25 fyndnustu notendum Twitter af tímaritinu *Rolling Stone*.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara út í uppstand?

Ég var líklega smá-trúður þegar ég var yngri. Mig hafði alltaf langað til þess að prófa uppistand og svo manaði vinur minn mig til þess. Ég elska uppistand. Það er eitthvað ótrúlega gefandi við það að fá fólk til að hlæja. Ég hef aldrei prófað heróín en ég get ímyndað mér að þetta sé mjög svipuð víma.

Það hlýtur að vera gríðarlega erfitt að afhjúpa sig svona fyrir framan fullan sal af fólki auk þess sem margir uppistandarar þurfa að berjast í bökkum við að ná endum saman. Verður þetta aldrei of mikið af hinu góða?

Uppistand er ekki eins og vinna fyrir mér. Ég var í þessu í mörg ár án þess að græða nokkurn pening. Ég nýt þess svo mikið að koma fram að ég held að ég myndi halda því áfram jafnvel þó svo að ég fengi engan pening fyrir. Ég hef stundað uppistand í 20 ár og hef að sjálfsögðu upplifað ýmislegt. Fyrstu árin voru frekar erfð, sumar sýningarnar voru hræðilegar. Þess vegna segi ég að uppistandarar séu klikkaðir. Maður er alltaf lélegur í fyrstu og það segir ýmislegt að maður haldi alltaf áfram að gera það sama og búist við ólíkri niðurstöðu. Ég býst við að ég verði ennþá stundum stressaður þegar ég er að prófa nýtt efni en það er líka það sem er skemmtilegt og spennandi, þetta er svolítið eins og ævintýri.

Þú sækir nokkuð af efninu sem þú notar í uppistand þitt til fjölskyldunnar þinnar. Hvað áttu mörg börn og hvað eru þau gömul?

Ég á fimm börn sem eru níu, átta, fjögur, tveggja og eins árs gömul og við búum öll sjö í lítilli tveggja herberja íbúð. Það er mjög þröngt um okkur og mikill glundroði á köflum. Við erum einhvern veginn alltaf að færa og bera börnin til og frá. Þessi eldri hjálpa auðvitað mjög mikið með þau yngri. Yngsta barnið sefur inni hjá okkur en hin eldri deila öll herbergi.

Hvernig tekst ykkur að fá börnin til að fara að sofa þegar þau eru öll í einu herbergi?

Það sorglega er að okkur tekst það eiginlega ekki. Ég hef ekki sofíð í svona 10 ár. Ég er er yngstur af sex systkinum og það býr mann alls ekki undir foreldrahlutverkið. Ég elska það samt, þetta er ringulreið og svolítið klikkað en það er líka ekkert eðlilegt við það að vinna við að fara á svið og reyna að fá fólk til að hlæja.

Þú hefur verið nefndur sérstaklega af *The Wall Street Journal* sem konungur siðprúðs gríns (*The king of clean comedy*) þar sem þú blótar lítið og ert ekki gjarn á að gera lítið úr öðrum. Er það viljandi gert?

Ég blóta nú alveg dagsdaglega en það sem ég er að tala um í uppistöndunum mínum þarfnast engra blótsyrða. Ég er alls ekki fyrir slúðurblaðagrínið þar sem maður talar um Britney Spears eða hvern sem er í fréttum þann daginn. Ég reyni að láta uppistandið mitt ganga út frá eigin sjónarhorni. Ég held að uppistandarar fái of mikið hrós fyrir að vera annaðhvort grófir eða siðprúðir þegar þeir eru í raun ekkert að pæla í því. Það er ekkert skipulagt við það.

Þú hefur leikið nokkuð mikið af aukahlutverkum í bíómyndum og sjónvarpsþáttum, hefur þú ekki áhuga á því að taka að þér aðahlutverk?

Ég hef tækifæri til þess að gera það sem ég elska og get lifað af því. Mig langaði aldrei til þess að verða frægur nema kannski þegar ég var unglingur. Ég fæ það sem ég þarf út úr skemmtanabransanum og mig langar alls ekki að vera í slúðurblöðunum eða slíku, ég nýt þess bara að vera uppistandari.

Svo hvers vegna ákvaðstu að koma til Íslands?

Ég hef ferðast mikið um Norður-Ameríku með uppistandið mitt en nú er ætlunin að víkka sjóndeildarhringinn. Mig hefur alltaf langað til þess að koma fram vítt og breitt um heiminn og ég elska að ferðast. Ég hef komið einu sinni til Íslands áður og ég naut þess í botn. Kannski var ég að ímynda mér það en mér fannst eins og fólk héldi að ég væri frá Íslandi þar sem ég gekk um, kannski af því ég er fólur og ljóshærður. Kannski geng ég með þessa rómantísku hugmynd, verandi fólur ljóshærður gaur í New York, að ég sé bara Íslendingur í laumi.

Þú ert með næstum því tvær milljónir fylgjenda á Twitter, finnst þér samfélagsmiðlar hafa haft góð áhrif á feril þinn?

Já, alveg klárlega. Ég kann virkilega að meta Twitter og ég skemmti mér vel við að tísti. Twitter passar vel við í hugarheim uppistandarans með sínum stuttu yfirlýsingum. Miðillinn veitir mér útrás fyrir hugmyndir sem ég myndi líklega ekki nota að öðrum kosti. Ég held að ég sé samt ekki með nema 150 fylgjendur á Íslandi svo ég get enn bætt við mig.

JIM GAFFIGAN

Fyrstu sex: 0704166

Lag á heilanum: „Say something“ með A great big world.

Ef ég væri risaeðla væri ég: Ég væri klárlega kjötæta, mjög fól kjötæta.

Í morgunmat fékk ég mér:

EKKI neitt en ég fékk mér Pringles klukkan eitt í nótt.

Fyndnasta manneskja sem ég þekki er: Átta ára sonur minn.



LAB LOKI KYNNIR

STÓRU BÖRNIN

AUKASÝNINGAR 20. 21. 22. & 23. MARS KL. 20:00

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

SÝNINGAR HEFJAST KL. 20:00 | MIÐASALA Á WWW.TJARNARBIO.IS OG MIDI.IS

...EITRAÐUR KOKKTEILL SEM VAR OFT BRJÁLÆDISLEGA
FYNDINN EN UM LEIÐ ÓHUGNANLEGUR Í FÁRÁNLEIKA SÍNUM...
HA/DV

...RÚNAR GUÐBRANDSSON HEFUR LÖNGU SÝNT OG SANNAD
AÐ HANN ER EINN AF BESTU LEIKSTJÓRUM OKKAR...
JVJ/FRÉTTABLAÐIÐ

...ÁHRIFAMIKIÐ VERK SEM BÆÐI ÖGRAR OG SKEMMTIR –
DÆMI UM PÁ GRÓSKU SEM ER AÐ FINNA Í FRJÁLSSU SENUNNI...
SB/REYKVÉLIN.IS

...ÞAÐ ER SÉRLEGA GAMAN AÐ FÁ ÞETTA FRUMLEGA, FYNDNA
OG INNIHALDSRIKA VERK FRÁ LAB-LOKA...
SGV/MORGUNBLAÐIÐ

...FRAMMISTAÐA ÞEIRRA FJÓGURRA ER EINN BESTI HÓPLEIKUR,
ENSEMBLELEIKUR, SEM HÉR HEFUR SÉST LANGA LENGI...
JVJ/FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★ JVJ/FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★ SGV/MORGUNBLAÐIÐ



HÖFUNDIR : LILJA SIGURÐARDÓTTIR | LEIKSTJÓRI : RÚNAR GUÐBRANDSSON

LEIKARAR : LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR, ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON, BIRNA HAFSTEIN & STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON



Komdu í

VEGGSPORT

OG PRÓFAÐU:

SPINNING

BJÖLLUR

SKVASS

CROSS TRAIN EX

GOLFHERMIR



Persónuleg þjónusta og vinalegt umhverfi

- Fjórir flottir skvassalir
- Ketilbjöllutímar
- Cross train Extreme XTX
- Sex spinningtímar á viku
- Einn besti golf hermir landsins.
- Góður og fullbúinn tækjasalur með Cybex og
- Technogym lyftinga- og upphitunartækjum.
- Körfuboltasalur.
- Gufubað í búningsklefum.
- Einkabjálfarar.

Opnir tímar:

Ketilbjöllur

Þriðjud. og fimmtud. kl 12:00

Cross train Extreme XTX

Mánud. þriðjud. og fimmtud. kl. 17.15
Laugardagar kl.10.00

Spinning

mánudaga, miðvikudaga og
föstudaga kl. 12:00 og 17:15

Átt þú ekki örugglega kort í

VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | veggспорт.is

Kitchenaid yfirhalning á einum sólarhring

Huldu Hvönn er margt til lista lagt en á þessum síðum kennir hún lesendum að gera gamla hrærivél glansandi fína.



KITCHEN-AID VÉLIN
TEKUR SIG VEL ÚT



1

Ég er eflaust ekki sú eina sem stoppar fyrir utan allar heimilis- og raftækjabúðir og horfi löngunaraugum á öll fínu og fallegu tækin í glugganum. Í mínu tilfelli voru það Kitchenaid hrærivélarnar sem heilluðu. Ég gat slefað tímunum saman yfir öllum litunum sem boðið var upp á. Eini gallinn var sá að hvorki ég, eða flestir aðrir sem ég þekki, hafa efni á að splæsa í eitt stykki Kitchenaid bara svona upp á gamanið. Þegar nefið á mér var næstum farið að haldast uppflætt eftir marga mánuði upp við rúðurnar sem aðskildu mig og þessa dásæmd varð ég fyrir því láni að rekast á sölusíðu á netinu með notuðum munum. Aðeins nokkrum mínútum áður hafði einhver sett inn auglýsingu fyrir eldgamla, 60 ára Hobart Kitchenaid vél (fyrir þá sem eru ókunnugir þá framleiðir Artisan Kitchenaid-vélarnar í dag) og án frekari umhugsunar fjárfesti ég í henni.



2

Þetta var ekki beinlínis það sem ég hafði haft í huga samt sem áður. Í mínum ímyndaða heimi var ég með fallega, skínandi, glænýja vél. Þetta sem ég hafði á milli handanna fylgdi ekki alveg þeirri lýsingu. Hvíti liturinn var varla hvítur lengur og meðfram öllum sam-skeytum voru 60 ára birgðir af feiti og köku-deigsafgöngum. Eitthvað þurfti að gera, svo ég ákvað að grípa til drastískra aðgerða. Þessi elska skyldi fá „make-over“.

3

Mig hafði alltaf langað í rauða vél svo rauð skyldi hún verða. Eftir ýtarlega rannsókn á þessu á netinu skundaði ég rakiðis út í búð og keypti mér það allra nauðsynlegasta í slíka yfirhalningu. Samkvæmt leiðbeiningum fjárfesti ég í sandpappírs-svamp, grunns-



Það fyrsta sem ég gerði þegar heim var komið var að þrifa vélina rækilega. Ég byrjaði á því að leysa allt sem ég gat losa frá, skrúfa allar skrúfur og fjarlægja alla parta. Því miður gat ég ekki losað hausinn frá botninum en ég mæli með því fyrir þá sem eiga þann kost þar sem mikið af skít og matarleifum getur komist þangað ofan í og erfitt er að þrifa það eftir hefðbundnum leiðum. Mikilvægast er samt eiginlega að losa málmplötuna með Kitchenaid-nafninu á frá vélinni, því þar undir virtust vera flóttabúðir almennra óhreininda og enginn hafði gert neitt í því frá því að vélin kom úr kassanum.

4





Mynd/börður



7

Ég þússaði með sandpappírs-svampinum góða yfir allt svæði sem átti að mála, bara rétt til þess að taka gljáann af lakkinu svo yfirlakkið héldist betur. Ég passaði mig vel samt sem áður að koma ekki við málminn.

8

Því næst sprejjaði ég svo yfir með gráu grunn-spreyi, primer frá Deco, sem mér fannst koma mjög vel út (þeir sem myndu heldur vilja líta vélna sína í ljósum tón ættu að nota hvítt grunnsprey). Ég byrjaði á því að grunna hana einu sinni og þússa svo niður allar ójöfnur og dropaför þegar hún hafði þornað og fara svo aðra umferð með grunninum.



5

Ég byrjaði að reyna að losa um skítinn með venjulegu hreinsispreyi og tusku en eftir klukkutíma kom í ljós að það þyrfti að grípa til einhvers sterkara, svo ég tók það sem hendi var næst og þurrkaði yfir með naglalakksleysi og bómull, sem reyndist mér vel.



9

Yfirlakkið sem ég notaði var frá Ace og hét Premium enamel í litnum „banner red gloss“ en mér fannst það hins vegar hafa heldur skrítna eiginleika og hefði líklega valið mér öðruvísi sprej ef ég mætti velja aftur. Það þakti hins vegar mjög vel og ég þurfti bara að fara eina umferð með smávægilegum lagfæringum. Það lak svolítið svo ég þurfti að passa vel allar dropamyndanir.

Að lokum tók ég hana inn í betra ljós til þess að fara yfir vélna með eyrnapinna að vopni og lítaði alls staðar þar sem límbandið hafði óvart farið yfir eða málningin ekki komist að. Því næst var bara að lofa henni að þorna algerlega á þurrum, hlýjum stað. Það getur verið gott að hafa í huga að lakk getur oft þurft nokkra daga til þess að fullstorkna.

Eftir þriggja tíma djúphreinsun með allt sem gæti mögulega hreinsað litlu skúmaskotin og skrárnar: tannbursta, tuskur, eyrnapinna, bómull, prjóna, hnífa og hvaðeina sem komst inn í litlu svæðin, gat ég loksins fært herlegheitin út í bílskúr. Ég byrjaði á því að líma með málningarteipi yfir alla staðina sem ég vildi ekki líta, allar málmlíningskrúfur o.þ.h. og notaði svo matarfilmu yfir vélna sjálfa.

6



Ég lenti í smávægilegum vand-ræðum með að fá hausinn til þess að tolla á réttum stað þegar ég hafði sett vélna saman; hann átti það til að síga of neðarlega svo spaðinn slóst í skálina ef hún var í gangi. Eftir nokkrar mínútur á gamla góða Google fann ég það hins vegar út að ef skrufan undir hausnum, þar sem hann er festur við botninn, ræður hallanum og sé hún skrúfuð til hægri (hert) þá sigur hausinn en til vinstri (losuð) hækkar hann.

10

Að lokum, til þess að vera alveg viss um að þetta kæmi sem best út fór ég svo yfir vélna með eyrnapinna og málaði ofan í alla staði sem sprejið hafði ekki náð til (aðallega í kringum þar sem límbandið hafði skagað út fyrir). Loks var það bara að lofa þessari elsku að þorna í friði þar sem að það getur tekið svona lakk nokkra daga að fullstorkna, sérfræðingurinn á heimilinu mælti með allt að viku hvíldartíma á hlýjum, fáförnum stað.



Og voilá! Gamla druslan mín var farin að glansa á ný og malar nú eins og ungabarn þrátt fyrir að vera orðin þrefalt eldri en ég. Ódýr og (tiltölulega) fjótleg leið til þess að gefa gömlum tækjum nýtt líf.

Út með gærnun!
Stella - Stella í Orlofi

KVIKMYND

Nymphomaniac vol 1.

Í gegnum tíðina hef ég ekki haft verk Lars von Trier í hávegum höfð. Hann á eflaust marga dygga aðdáendur sem biða í ofvæni eftir kvikmyndum hans en ég tel mig góðan ef ég næ að drósla mér í gegnum eina slíka. Persónulega fékk ég algjörlega nóg eftir Anti Christ sem skildi ekkert eftir sig nema óbragð í muninum.

Nýjasta afurð hans er Nymphomaniac (sem er sú fyrri af tveimur) og segir frá lífi konu með kynlíf á heilanum sem hefur nánast allt sitt líf laðast að kynferðislegri örvun í hvaða mynd sem er. Kvikmyndin gerist í endurminningum hennar þar sem hún segir ókunnugum manni frá



Þessi ókunnugi maður hefur mikinn áhuga á fluguveiði sem samsvarar sér í sögum hennar um kynlífsfíkn sína út frá þessu áhugamáli sínu, eins undarlega og það hljómar.

Nymphomaniac er nefnilega undarlega kvikmynd. Hún vel leikin og valinkunnir leikarar manna hvert hlutverk en þar má nefna Stellan Skarsgård, Uma Thurman og vandræðagemlinginn Christian Slater.

Kvikmyndin heldur manni ágætlega við efnið þó svo að sum atriði þreytist fljótt og átti ég til að missa athyglina af og til. Hún skefur ekkert undan og hikar von Trier ekki við að sýna kynlífsseur á sem grafískastan máta. Nymphomaniac



NYMPHOMANIAC

HJÁLMAR KARLSSON

MMMMMM

skilur mann eftir í lausu lofti en einhverra hluta vegna vill áhorfandinn vita meira um afdrif konunnar, komast að því hvað orsakar þessa hegðun og sjá hvernig henni reidir af í framtíðinni. Ég segi ekki að ég haldi í mér andanum fyrir framhaldinu en engu að síður kem ég til með að sjá það og fyrir það fær von Trier plús í kladdann hjá mér.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Pompeii

Kvikmyndin Pompeii er þrívíddarveisla sem gerist árið 79 eftir Krist þegar eldfjallið Vesúvíus hreinlega sprakk í loft upp og gróf bæinn Pompei í margra meta þykkt lag af ösku og gjalli á svo skammri stundu að þeir sem náðu ekki að forða sér í tíma hreinlega stiknuðu í sporunum eða þar sem þeir höfðu leitað skjóls.

Kit leikur skyldingaprælinn Milo sem verður ástfanginn af hinn fögru Cassiu, en hún er dóttir vellauðugs kaupmanns

sem hefur ákveðið að gefa hana spilltum, rómverskum þingmanni. Til þess mega hvorki Milo né Cassia hugsa, en það er lítið sem þau geta gert til að breyta ákvörðun föðurins. Allt breytist hins vegar þegar Vesúvíus lætur á sér kræla og gýs með eldspúandi sprengikrafti sem eirir engu. Milo þarf nú ekki bara að bjarga Cassiu frá því að lenda í klóm þingmannsins heldur ógnar hið ægilega eldgos lífi þeirra beggja, svo og öllum íbúum borgarinnar.

Aðalhlutverk: Kit Harington, Carrie-Anne Moss, Emily Browning, Adewale Akinnuoye-Agbaje og Kiefer Sutherland.

Leikstjórn: Paul W.S. Anderson

Sýningarstaðir: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Krínglunni, Akureyri og Keflavík, Ísafjarðarbió, Selfossbíó og Bíóhöllin Akranesi

Aldurstakmark: 12 ára



VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR



Titanfall

MMMMMM

Framleiðandi: EA

Format: PC, Xbox 360, Xbox One

Leikjagerð: Skotleikur

PEGI: 18+

Dómar:

9 af 10 - Gamespot

9,3 af 10 - Gametrailers

9 af 10 - Joystiq

Risinn er risinn

Árið 2010 gengu nokkrir af þeim sem stóðu að baki Call of Duty-seríunni út og stofnuðu sitt eigið fyrirtæki sem ber nafnið Respawn. Fyrirtækið gerði fljótlega samning við leikjarisann EA og var fyrsti leikurinn þeirra að detta í hús eða Titanfall.

Hér er á ferðinni fyrstu persónu-skotleikur sem gerist í framtíðinni þar sem tvær stríðandi fylkingar takast á úti geimnum og hafa sér til halds og trausts svokölluð Titan-kvikindi, en það eru risavaxin vélmenn sem geta valdið miklum skaða. Leikurinn er fyrst og fremst netleikur, en inniheldur vísi að söguþræði sem kemur leikmönnum betur inni atburðarásina og sögu þessa stríðs.

Það fyrsta sem slær mann við spilun leiksins eru hversu vel hönnuð borðin eru, en þau eru alls 15 talsins. Borðin eru staðsett á hinum ýmsu plánetum og eru mjög fjölbreytt bæði í útliti og gerð. Leikmenn fara í hlutverk hermanna sem eru mjög fimir, enda geta þeir hoppað útum allt, hlapið á veggjum og detta í allskyns parkour-filing. Í leiknum er slatti af vopnum og geta leikmenn breytt þeim og einnig búið

til sína eigin hermenn.

Ofan á það leggst að leikmenn geta kallað til Titan-kvikindin þegar líður á bardagann og þá færst fjör í leikinn, því það er fátt skemmtilegra en að þramma um borðin inni þessum risavöxnu vélmennum.

Titanfall inniheldur helling af spilunarmöguleikum og eru þeir frekar klassískir eins og Team Deathmatch, Domination og

fleira í þeim dúr. Þetta virkar allt mjög vel og greinilegt að skemmtanagildi hefur verið efst á listanum þegar þessi leikur var gerður, en 12 leikmenn geta spilað saman í gegnum netið.

Grafíkin er mjög flott og ná framleiðendurnir að skapa grjótharða stemmingu og veröld sem maður vill sífellt vita meira um og eyða miklum tíma í. Það er mikil samkeppni í gerð skotleikja á netinu, en Titanfall trónir yfir þeim flestum og ljóst að risinn er risinn..



ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON

KÍKTU Í HEIMSÓKN

WWW

monitor.is

ÞÚ HEFLUR EKKERT BÆTRA AÐ GERA

MONITOR



HÖNDLARÐU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

HOLLUSTUSKAMMTUR AF VATNI OG VELLÍÐAN



Án BPA (bisfenóls A)

CAMELBAK® EDDY™

Drekktu nóg og hugsaðu um umhverfið í leiðinni. Skiptu yfir í margnota eddy™ drykkjarbrúsana. Bitstútur sem ekki lekur úr stuðlar að því að þú drekkur meira. BPA fríu brúsarnir úr eddy™ línunni sjá þér fyrir hollustu og vökva í dagsins önn.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á CAMELBAK.COM/EDDY

▶ SVÖNG? FÁÐU ÞÉR VATN.
HUNGURTILFINNING ER OFT
EKKERT ANNAÐ EN ÞORSTI.

CAMELBAK®
GOT YOUR BAK™